

6. Flugskýlisgjald.

- 6.1. Fyrir afnot flugskýlis á vegum flugmálastjórnar skal greiða eftirfarandi leigugjöld fyrir hver byrjuð 1 000 kg af massa loftfars:
- Innanlandsflug: Kr. 130,00 fyrir hvern byrjaðan sólarhring eða kr. 2 000,00 á mánuði.
 - Millilandaflug: Samsvarandi 3,10 Bandaríkjadöllum fyrir hvern byrjaðan sólarhring.
- 6.2. Flugskýlisgjöld samkvæmt gr. 6.1. miðast við óupphitað flugskýli. Sé flugskýli upphitað er hitunarkostnaður innheimtur sérstaklega.
- 6.3. Fyrir afnot heilla flugskýla eða tiltekinna hluta þeirra, svo og fyrir afnot annarra bygginga og lóða á vegum flugmálastjórnar, skal greiða leigugjöld samkvæmt leigusamningi milli flugmálastjórnar og leigutaka. Upphæð leigugjalda skal almennt við það miðuð, að þau standi straum af tilkostnaði flugmálastjórnar við umrædd mannvirki.

7. Almenn ákvæði.

- 7.1. Þar sem getið er um massa loftfars er átt við leyfilegan hámarks massa þess.
- 7.2. Gjöld sem ekki eru staðgreidd, verða innheimt með útsendingu reikninga eða giróseðla. Greiðslu ber að inna af hendi innan 30 daga frá útsendingardegi reiknings eða giróseðils. Verði gjöld ekki greidd á gjalddaga skal flugmálastjórn innheimta hæstu lögleyfðu dráttarvexti.

8. Gildistaka.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt 78. gr. laga um loftferðir nr. 34 21. maí 1964, staðfestist hér með til að öðlast gildi 15. apríl 1988 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi gjaldskrá nr. 538 9. nóvember 1987 um sama efni.

Samgönguráðuneytið, 6. apríl 1988.

Matthías Á. Mathiesen.

Ólafur S. Valdimarsson.

AUGLÝSING

um varúðarráðstafanir og aðgerðir vegna hringskyrfis undir Eyjafjöllum.

Að tillögu yfirdýralæknis og samkvæmt heimild í 3. mgr. 7. gr. 1. um dýralækna nr. 77/1981, sbr. 7. gr. 1. nr. 11/1928 um varnir gegn því að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins, eru hér með settar svofelldar reglur um varúðarráðstafanir og aðgerðir vegna hringskyrfis undir Eyjafjöllum:

1. gr.

Skilgreiningar og almenn ákvæði.1.1. *Skilgreiningar*

Húsdýr: Nautgripir, sauðfé, hross, svín, hundar og kettir.

Hættusvæði: Austustu bæir í V-Eyjafjallahreppi frá og með Núpi og Indriðakoti að mörkum Eyjafjallahreppa.

Heimtaka (að taka heim búfé): Sækja, taka við eigin gripum, sem farið hafa af sjálfsdáðum til annarra bæja eða svæða.

Flutningur til lífs og dvalar: Kaup, sala, lán, fóðrun o.þ.h.

Eyjafjallahólf: Svæðið milli Markarfljóts og Jökulsárlínu á Sólheimasandi.

- 1.2. Eigendur húsdýra í Eyjafjallahólfi skulu tilkynna héraðsdýralækni strax og grunur vaknar um hringskyrfti í dýrum sem þeir eiga eða hafa umráð yfir. Stefnt er að því að uppræta hringskyrfti hvar sem það finnst.

2. gr.

Hringskyrftisbæir.

- 2.1. Á hringskyrftisbæjum skal merkja gripahús með áberandi hætti: „Smitsjúkdómur, óviðkomandi bannaður aðgangur“.
- 2.2. Lífgripaflutningur að og frá hringskyrftisbæjum er bannaður. Þar má ekki setja á kálfa, sem fæddir eru eftir 30. nóvember 1987 uns yfirdýralæknir ákveður annað.
- 2.3. Tilkynna skal héraðsdýralækni um flutning á sláturgripum frá hringskyrftisbæjum.
- 2.4. Ekki má hafa önnur húsdýr en nautgripi í fjósi og fjóshlöðu. Eyða skal eftir föngum meindýrum á þessum bæjum.
- 2.5. Þar sem hringskyrfti hefur fundist skal hafa geldneyti á húsi sumarlangt, nema yfirdýralæknir leyfi annað. Mjólkurkýr og aðra gripi, sem smithætta getur stafað af skal einangra. Ábúendur halda við girðingum. Ríkissjóður kostar nýjar vörslugirðingar, sem yfirdýralæknir telur nauðsynlegar til að hefta útbreiðslu sjúkdómsins.
- 2.6. Ekkert hugsanlega smitmengað má flytja út úr gripahúsum, þar sem veikin hefur fundist eða frá hringskyrftisbæjum til annarra bæja, án samráðs við héraðsdýralækni um sóttreinsun. Heyflutningur frá hringskyrftisbæjum er óheimill án leyfis yfirdýralæknis.

3. gr.

Hættusvæðið.

- 3.1. Algjört bann er við flutningi húsdýra nema hrossa til lífs og dvalar frá bæjum, til bæja og milli bæja á hættusvæðinu. Leita þarf leyfis héraðsdýralæknis vegna hrossaflutnings og umferðar með hross.
- 3.2. Ekki má hafa hross eða sauðfé á húsi með nautgripum á hættusvæðinu.
- 3.3. Eigendur stórgripa á hættusvæðinu skulu hafa þá í heldum girðingum. Allir bændur í Eyjafjallahólfi skulu leitast við að hafa stórgripi í heldum girðingum eftirleiðis.
- 3.4. Bændur á hættusvæðinu skulu merkja og skrá öll geldneyti fyrir 1. maí. Stefnt skal að merkingu allra geldneyta í Eyjafjallahólfi.
- 3.5. Fjáreigendum á hættusvæðinu er heimilt nema annað sé ákveðið að taka fé sitt heim eins og verið hefur. Fjáreigendur utan hættusvæðisins mega hins vegar ekki sækja fé sitt þangað nema með leyfi búfjársjúkdómanefndar (riðunefndar).

4. gr.

Eyjafjallahólf.

- 4.1. Samþykki héraðsdýralæknis þarf til flutning á húsdýrum öðrum en hrossum til lífs og dvalar inn og út úr Eyjafjallahólfi og á milli Austur- og Vestur-Eyjafjallahreppa. Flutningur sauðfjár á milli hreppanna er þó bannaður eins og verið hefur. Héraðsdýralæknir heldur skrá um flutninga sem hann leyfir.
- 4.2. Bændur í Eyjafjallahólfi skulu forðast að hýsa búfé frá öðrum bæjum. Skyllt er að tilkynna eiganda, hreppstjóra eða héraðsdýralækni ef stórgripir sjást utan girðinga.

- 4.3. Eyða skal hundum og köttum sem lent hafa í sérstakri smithættu að mati héraðsdýralæknis nema yfirdýralæknir ákveði annað.
Heimilt er gegn bótum, sem landbúnaðarráðuneytið ákveður að lóga stórgripum eða sauðfé, sem lendir á svæðum þar sem gripir sjúkir af hringskyrfi eru eða hafa verið.

5. gr.

Sérákvæði um Austur-Eyjafjallahrepp.

- 5.1. Tilkynna skal búfjársjúkdómanefnd um fyrirhugaða flutninga á nautgripum milli bæja í A-Eyjafjallahreppi. Hún heldur um þá skrá og tilkynnir héraðsdýralækni eftir ástæðum.
- 5.2. Tilkynna skal eiganda, hreppstjóra eða búfjársjúkdómanefnd um stórgripi sem sjást utan girðinga í A-Eyjafjallahreppi.

6. gr.

- 6.1. Um brot á auglýsingu þessari fer eftir 6. gr. l. nr. 11/1928, sbr. 24. gr. l. nr. 75/1982.

Auglýsing þessi öðlast gildi þegar í stað.

Landbúnaðarráðuneytið, 30. mars 1988.

Jón Helgason.

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 103 19. ágúst 1948 um eftirlit með innflutningi plantna o.fl.

1. gr.

Við 2. mgr. 2. gr. rg. nr. 103/1948, sbr. rg. nr. 46/1984 bætist nýr staflíður, er verði h—líður, svohljóðandi:

- h. Að plönturnar eða plöntuhlutarnir séu lausir við ameríska blómatripsið (*Frankliniella occidentalis*). Þegar um er að ræða plöntur með rót eða plöntuhluta sem ætlunin er að ræta og rækta áfram skal vottorð jafnframt staðfesta að plönturnar komi frá ræktunarstað þar sem *Frankliniella occidentalis* hafi ekki fundist á undangengnum þremur mánuðum áður en plönturnar fóru af stað.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum nr. 51 29. maí 1981 um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum, öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 30. mars 1988.

Jón Helgason.

Jón Höskuldsson.